

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 1997

3. febrúar 1997

157

Nr. 102

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til að öðlast gildi 15. febrúar 1997.

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 467 15. ágúst 1996, 2. og 3. gr. gjaldskrárinnar verða svohljóðandi:

Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er 77.351.346 kr. á ári og fast gjald Borgarbyggðar er 30.429.000 kr. á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er 23,09 kr. á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. febrúar 1997.

F. h. r.

Sveinn Þorgrímsson.

Steinunn Bjarman.

5. febrúar 1997

Nr. 103

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 504, 20. september 1995, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Við 10. tl. í 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo: Heimilt er þó frá og með 11. febrúar til og með 30. apríl 1997 að stunda veiðar með fiskivörpu á svæðinu, enda sé hún búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og útbúnað smáfiskaskilju og Landhelgisgæslunni sé tilkynnt um veiðarnar með þeim hætti sem þar segir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um gerð og útbúnað smáfiskaskilju.

1. gr.

Smáfiskaskilja er tæki eða útbúnaður, sem komið er fyrir í togveiðarfærum í þeim tilgangi að flokka fisk eftir stærð í vörpunni, þannig að smærri fiskur skiljist lifandi úr vörpunni. Smáfiskaskilja skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.

2. gr.

Ef togveiðar á tilgreindum svæðum eru bundnar því skilyrði, að varpan sé útbúin smáfiskaskilju, skal eingöngu nota þær gerðir skilja, sem ráðuneytið hefur viðurkennt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Í viðaukum við reglugerð þessa skal birta hvaða gerðir smáfiskaskilja eru viðurkenndar og hvernig þeim skuli komið fyrir í vörpunni.

3. gr.

Skipstjóri fiskiskips, sem hyggst stunda veiðar með smáfiskaskilju á svæði þar sem notkun hennar er áskilin í reglugerð, skal tilkynna það til Landhelgisgæslunnar ekki fyrr en 4 klst. og ekki síðar en 2 klst. áður en veiðar hefjast. Ennfremur skal hann tilkynna til Landhelgisgæslunnar strax þegar veiðum á svæðinu er hætt.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.